

Landsnet hf  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. nóvember 2014  
Tilvísun: UST20141100005/bs

### Drög að tillögu að matsáætlun fyrir Sprengisandslínu

Vísað er til tölvupósts Steinsholts sf. dags. 3. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Á bls. 4 þar sem fjallað er um framkvæmdina segir m.a.: „*Gert er ráð fyrir að Sprengisandsvegur verði ferðamannavegur og að lega Sprengisandslínu taki mið af því að hún hafi sem minnst sjónræn áhrif frá alfaraleið og áhugaverðum útsýnisstöðum.*“

Umhverfisstofnun telur mögulegt að ef ekki verði af lagningu nýs Sprengisandsvegar í náinni framtíð muni Sprengisandslína fylgja núverandi vegi sem væri áfram aðalleiðin um Sprengisand. Því telur Umhverfisstofnun að í tillögu að matsáætlun verði gerð grein fyrir því hvernig línan verði best staðsett m.t.t. til núverandi vegar miðað við þær forsendur að línan hafi sem minnst sjónræn áhrif frá alfaraleið miðað við þá valkosti sem lagðir eru fram í drögum.

Umhverfisstofnun telur mjög brýnt að fjallað verði um þennan möguleika þar sem ráða má af sambærilegri greinargerð Vegagerðarinnar um lagningu Sprengisandsleiðar að afstaða vegarins til háspennulínunnar, þ.e. að línan verði sem minnst sýnileg frá veginum sé ein helsta aðgerðin sem ráðist verði í til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum háspennulínunnar.

Aðalvalkostur-Leið A. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir því hvers vegna ráðgert sé að leggja fyrsta hluta línunnar um Búðarháls í stað þess að fylgja þeim háspennulínunum sem nú liggja að virkjunum í efri Þjórsá.


Um jarðstrengskost segir m.a. í drögum: „*Ekki er talið raunhæft eða hægt að færa rök fyrir því að leggja línuna í jörð að öllu leyti, hvorki m.t.t. kostnaðar eða tæknilegra þátta, né heldur eru talin rök fyrir því út frá umhverfisáhrifum.*“ Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir því í tillögu að matsáætlun hvaða neikvæðu umhverfisáhrif muni fylgja því að leggja jarðstreng um Sprengisand í stað loftlínu.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að framkvæmdaaðili ætli að fjalla um þann möguleika að styrkja byggðalínu í stað þess að leggja Sprengisandslínu.


Í drögum kemur fram að fyrirhugað sé að samnýta efnistökuastaði með Vegagerðinni vegna nýs Sprengisandsvegur. Umhverfisstofnun telur að í tillögu að matsáætlun eigi að gera grein fyrir því hvort staðið verði að efnistöku á fyrrnefndan hátt ef nýr Sprengisandsvegur verður ekki lagður áður en ráðist verður í línulögn yfir Sprengisand. Einnig ætti að gera grein fyrir hvernig flytja á efni að línustæðinu, þ.e. hvort ráðgert sé að leggja sérstaka námuvegi frá sameiginlegum efnistökustöðum að línustæðinu. Einnig telur stofnunin að kanna ætti hvort að minni umhverfisáhrif gætu falist í því að taka efni nær línustæðinu ef ekki verður ráðist í lagningu nýs Sprengisandsvegur þar sem efnispörf Landsnets er mun minni en efnispörf Vegagerðarinnar. Mögulega gæti efnistaka sem eingöngu nýtist við byggingu línunnar dregið úr þörf fyrir námuvegi og auðveldað frágang námanna.

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um landslag og ásýnd eigi einnig að ná til sjónrænna áhrifa línunnar við núverandi veg, þ.e. ef ekki verður af lagningu Sprengisandsvegur fyrir byggingu Sprengisandslínu.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri



Björn Stefánsson  
sérfræðingur

Afrit: Ásgeir Jónsson, Steinsholt sf

